Reykjavík, 17.8.2021
GP/es

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að breyttri reglugerð raforkuviðskipti og mælingar.

Vísað er til draga að reglugerð um breytingar á reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar nr. 1150/2019, sem birt voru í samráðsgátt stjórnarráðsins, 1, júlí 2021, sbr. mál nr. 140/2021.

Veitur fagna drögunum og sérstaklega þeirri áherslu sem lögð er á neytendasjónarmið.

Veitur vilja þó koma á framfæri ákveðnum ábendingum við drögin.

Athugasemdir við einstakar greinar reglugerðardraga

1. mgr. 1. gr. reglugerðardraga

Veitur gera ákveðnar athugasemdir við orðalag greinarinnar, einkum verðandi 3. mgr. 7. gr. draganna. Lagt er til að orðlag greinarinnar sem nú er: *„Sé gildur raforkusölusamningur fyrir hendi fylgir hann notanda við notendaskipti, nema viðskiptavinur ákveði annað“* verði breytt og skuli hljóða á eftirfarandi hátt: „*Sé gildur raforkusölusamningur fyrir hendi skal notandi **upplýstur um það** og fylgir hann þá notanda við notendaskipti, nema viðskiptavinur ákveði annað*“. Tillaga þessi byggir á því að notendur séu meðvitaðir um að þeir séu með raforkusamning við ákveðið fyrirtæki og þurfi ekki að velja nýjan raforkusala. Þetta er einkum til að ekki sé stigið inn í virk viðskiptasambönd á milli fyrirtækja og notenda. Leggja Veitur einnig til að Netorka annist í framtíðinni það verkefni að sinna upplýsingaskyldu þessari.

Þá er einnig lagt til að eftirfarandi setning: *„Dreifiveita skal gefa notendum kost á að velja raforkusala við tilkynningu um notendaskipti, hvort sem er við tilkynningu með rafrænum hætti eða öðrum sannanlegum hætti.“* breytist á svohljóðandi hátt: *„Dreifiveita skal gefa notendum, sem **eru að flytja inn**, kost á að velja raforkusala við tilkynningu um notendaskipti, hvort sem er við tilkynningu með rafrænum hætti eða öðrum sannanlegum hætti.“* Með þessu er leitast við að auðvelda neytendum að velja raforkusala í einu skrefi, og að viðkomandi þurfi þá ekki að fara á fleiri „staði“ til að tilkynna um flutning eða nýja veitu.

2. mgr. 1. gr. reglugerðardraga

Veitur leggja til að einungis skuli staðfesta með rafrænum skilríkjum eða undirskrift **nýja raforkusölusamninga** við almenna notendur. Gera þarf skilmerkilega grein fyrir því að

Veitur ohf. • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • 516 6000 • kt. 501213-1870 • veitur.is

einungis sé þörf á að staðfesta nýja raforkusölusamninga en ekki eldri samninga sem hafa verið í gildi til lengri tíma, enda væri dreifiveitunni þá óheimilt að tengja notanda, sem er með eldri sölusamning, nema fá hann staðfestan fyrst. Það gæti aukið flækjustig verulega bæði gagnvart dreifiveitu og notanda.

Verði eftir því óskað eru Veitur reiðubúnar að gera nánari grein fyrir umsögn þessari.

Virðingarfyllst,

Gestur Pétursson
framkvæmdastjóri Veitna

EBV-150-02